

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald á áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis).

Frá 1. minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar (UBK, VilÁ, WÞÞ).

1. C-liður 9. gr. orðist svo: Orðin „áfengi og“ í 4. mgr. og í fyrirsögn greinarinnar falli brott.
2. Við 10. gr. bætist: ásamt fyrirsögn.
3. Á eftir 18. gr. komi ný grein, svohljóðandi:  
Í stað tilvísunarinnar „skv. 27. gr.“ í 1. og 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: skv. 26. gr.
4. Við 1. efnismgr. 20. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sala getur aðeins farið fram ef kaupandinn sýnir með skilríkjum að hann sé orðinn 20 ára.
5. Á eftir 1. másl. a-liðar 22. gr. komi nýr málslíður, svohljóðandi: Sérverslun sem selur eingöngu áfengi er undanþegin þessari afmörkun.
6. 23. gr. orðist svo:  
26. gr. laganna orðast svo:  
Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að sex árum ef:
  - a. hann stundar í atvinnuskyni innflutning, heildsölu, smásölu eða framleiðslu áfengis án leyfis skv. 3. gr.,
  - b. hann framleiðir áfengi til einkaneyslu og sölu þótt ekki sé í atvinnuskyni,
  - c. hann selur áfengi þótt ekki sé í atvinnuskyni,
  - d. hann flytur inn, útbýr eða smíðar sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem var ódrykkjarhæft skv. 7. gr.,
  - e. hann selur eða afhendir áfengi til einhvers sem hann hefur ekki heimild til að selja eða afhenda áfengi skv. 2. mgr. 9. gr.,
  - f. hann selur áfengi til neytenda yngri en 20 ára skv. 18. gr.,
  - g. hann neytir áfengis í veitingastofu, veitingatjaldi, húsnæði félagasamtaka eða á öðrum þeim stöðum þar sem veitingar fara fram skv. 2. mgr. 19. gr.,
  - h. hann ber með sér áfengi inn eða út af veitingastað skv. 3. mgr. 19. gr.,
  - i. hann veitir, selur eða lætur af hendi áfengi til annarra gegn gjaldi eða öðru verðmæti skv. 4. mgr. 19. gr.,
  - j. hann lætur viðgangast ólöglegan tilbúning, sölu eða geymslu áfengis skv. 5. mgr. 19. gr.,
  - k. hann auglýsir áfengi eða áfengistegund skv. 20. gr.,
    - l. hann veldur óspektum, hættu eða hneyksli skv. 21. gr.,
  - m. hann veitir þeim áfengi sem tilgreindir eru í 1. mgr. 22. gr. skv. 3. mgr. 22. gr.,
  - n. hann er veitingamaður og veitir áfengi á öðrum tímum en honum er heimilt samkvæmt leyfi til áfengisveitinga,

o. hann er veitingamaður og veitir áfengi á annan hátt en honum er heimilt samkvæmt leyfi til áfengisveitinga.

Nú er brot skv. 1. mgr. stórfellt eða ítrekað og skal þá maður sæta fangelsi allt að sex árum.

Brot skv. 1. og 2. mgr. varða mann refsíabyrgð ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Gera má lögaðila sekt vegna brots skv. 1. eða 2. mgr. óháð sök fyrirvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Lögaðila verður gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsíabyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum, enda hafi verið framið brot skv. 1. eða 2. mgr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

Meðferð ávinnings af brotum skv. 1. og 2. mgr. er refsiverð eftir því sem segir í 264. gr. almennra hegningarlaga.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. og 2. mgr. eru manni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

7. Á eftir 23. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

27. gr. laganna fellur brott.

8. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2015“ í 25. gr. komi: 1. september 2016.

9. 28. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2015.

10. Við frumvarpið bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Lög þessi skulu endurskoðuð innan árs frá gildistöku þeirra.